

stæðum af kröfum stefnanda og þarf þá ekki að rannsaka við hver rök síðasta varnarástæða stefndu hefir að styðjast.

Mánudaginn 14. dez. 1931.

Nr. 109/1931. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Sigurði Sæmundssyni

(Magnús Guðmundsson).

Vinbruggun.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. maí 1931: Ákærður, Sigurður Sæmundsson, bóndi í Hvassahrauni í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu, sæti einföldu fangelsi í 10 daga, og greiði sekt í ríkissjóð, að upphæð kr. 500,00, innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella ber að afplána sektina, að undangengnu árangurslausu fjárnámi, með einföldu fangelsi í 31 dag. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Áhöld þau, sem notuð hafa verið við tilbúning eða bruggun umrædds áfengis eru upptæk gerð, og eyðileggist. Áfengið er upptækt gert, ásamt áfengisbrugginu, og rennur andvirði þess í ríkissjóð, sé það nokkurs virði.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkv. lögregluréttarstefnunninn er kærði í máli þessu aðeins sóttur til saka um brot gegn II. kafla áfengislaganna og kemur því eigi til álita, hvort hann hefir orðið brotlegur með sölu áfengis þess, er hann bruggaði ólöglega.

Með eigin játningu kærða og öðrum gögnum er það sannað, að hann hefir bruggað áfengi, er hann hefir ætlað til sölu og hefir hann með því gerzt

brotlegur við 6. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930 og ákveðst refsing hans samkvæmt 30. gr. sömu laga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 40 daga einföldu fangelsi, ef hún eigi fæst greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Um málskostnað í héraði og upptöku hins ólöglega áfengis og bruggunaráhaldanna skal hinum áfrýjaða dómi vera óraskað, en kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Sæmundsson, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 800 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með einföldu fangelsi í 40 daga fáist hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Um upptöku hins ólöglega áfengis og bruggunaráhaldanna, svo og um málskostnað í héraði skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Við húsrannsókn, að undangengnum úrskurði, er fram fór í Hvassahrauni í Vatnsleysustrandarhreppi laugardaginn 28. febrúarmánaðar síðastliðinn, fundust í kjallara íveruhússins þar tvær tunnur með geri, í aflæstu herbergi í kjallaranum, vandlega byrgðar með pokum, reiðingum o. fl. og lyktaði brugg þetta mjög af áfengi, og enn fremur fannst þarna strokkur með samskonar vökva og í fyrrgreindum tunnum. Samkvæmt vottorði Efnarannsóknarstofu ríkisins, dags. 2. marz þ. á., reyndist áfengismagn sýnishorna af vökvum þessum þannig: af tunnunum og strokknum, 28,6% niður í 4,58%. En auk þessa fannst við húsrannsókn þessa í skáp í eldhúsinu, þriggja-pela flaska full af hreinsuðu áfengisbruggi, er samkvæmt skýrslu Efnarannsóknarstofu ríkisins, eða fyrrgreindu vottorði, reyndist að áfengisinnihaldi að vera 31,4%. Bruggunar-áhöld fundust einnig þar á bænum, í útihúsi, er ákærður vísaði á.

Hefir ákærður, sem er 46 ára að aldri, kannazt við það, að áfengisbrugg þetta tilheyrði honum, og að hann hafi sjálfur fengið við bruggunina í þeim tilgangi að neyta þess áfengis, er framleitt yrði, svo og til að veita öðrum og selja, en hann hefir jafnframt haldið því fram undir rannsókn málsins, að Jón L. Hansson, bóndi í Móakoti í Vatnsleysustrandarhreppi, sem nú rekur verzlun í Reykjavík, hafi fyrir 3 misserum síðan, flutt á heimili hans bruggunaráhöld, og kennt honum hvernig bruggun áfengis færi fram, og í fyrstu hafi Jón þessi bruggað, og jafnóðum flutt hið bruggaða áfengi af heimilinu, að ákærði hyggur, til Reykjavíkur og selt það þar, en að svo hafi verið umsamið milli þeirra, Jóns L. Hanssonar og hans, að Jón greiddi honum helming söluandvirðisins, er Jón taldi vera 8 krónur alls á hvern liter áfengis, en er Jón stóð eigi ákærða skil á hans hluta, segir hann, að slitnað hafi upp úr viðskiptum þeirra, og ákærður einsamall annazt bruggunina, sem þó hafi farið mjög minnkandi, og ekki nema endrum og sinnum eftir það að þeir skildu.

Kveðst ákærður hafa fengið reikning frá verzlun Jóns L. Hanssonar, að upphæð um 800 krónur, fyrir útteknar vörur, en hann þá verið þeirrar skoðunar, að hann eigi skuldaði manni þessum neitt að því er virðist, vegna við-

skipta þeirra út af áfengisbrugguninni, heldur miklu fremur, að Jón skuldaði honum eitthvað, en er maður þessi hafi hótað málshöfðun út af skuld þessari, og meðfram vegna þess, að ákærður hafi hugsað, að Jón mundi ljósta upp um áfengisbruggunina, hafi ákærður gengið inn á að greiða konu Jóns L. Hanssonar 500 kr. gegn því að Jón félli frá frekari kröfu gagnvart honum.

Á hinn bóginn hefir oftnefndur Jón L. Hansson undir rannsókninni þverneitað, að vera nokkuð við áfengisbruggunina riðinn, beinlínis eða óbeinlínis, og hefir ákærðum eigi tekizt að benda á neitt því til sönnunar, enda og sagt, að þessi viðskipti þeirra hafi farið fram með mikilli leynd, svo um sönnun sé eigi að ræða. Vegna þessa hefir eigi enn sem komið er þótt næg ástæða til þess að höfða mál gegn oftnefndum manni, Jóni L. Hanssyni, fyrir hluttöku hans í áfengisbruggun þessari eða sölu og veitingu áfengis, sem ákærður hefir játað sig sekan í, en dráttur á málshöfðun gegn ákærðum stafar af því, að Jón þessi dvaldist norður á Hvammstanga, í sóttkví þar, er brotið var upplýst, og einnig meðfram vegna eftirgrennslana utanréttar um hlutdeild manns þessa í broti ákærða, eða um áfengisbrot hans sjálfs hér að lútandi, sem í sjálfu sér er sjálfstætt áfengislagabrot.

Brot hins ákærða virðist heyra undir II. kafla áfengislaganna nr. 64, 19. maí 1930, sbr. 6. gr. laganna, og ber því að dæma hann samkvæmt 30. gr. sömu laga í 10 daga einfalt fangelsi, svo og í sekt — er telst hæfileg vera 500 kr., er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella afplánist sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi lögum samkvæmt, með einföldu fangelsi í 31 dag. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Áhöld þau, sem notuð hafa verið við tilbúning eða bruggun áfengisins, eru upptæk gerð og eyðileggjast, og er áfengið ásamt áfengisbrugginu upptækt gert, og rennur andvirði þess í rikissjóð, sé það nokkurs virði.